

**Utanríkismálanefnd  
b/t. nefndarritara  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 4. apríl 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu (471. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að dregin verði til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.*

Þegar sú tillaga að Ísland legði inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu var lögð fram á sínum tíma veitti Viðskiptaráð því stuðning sinn og gerir enn í dag. Evrópusambandið er raunverulegur kostur í stöðunni og mögulegur þáttur í efnahagslegri uppbyggingu landsins. Til þess að vel ígrunduð afstaða til aðildar að Evrópusambandinu verði tekin er það forsenda að ljóst sé að hverju yrði gengið með aðild.

Þeir efnahagslegu kostir sem í aðild felast verða ekki skoðaðir nema með því ferli sem í aðildarumsókn felast. Með því eru kostir aðildar skoðaðir um leið og þeim sérstöku íslensku hagsmunum sem halda verður til haga verði fundinn farvegur. Í þessu felst ekki afstaða til aðildar, aðeins afstaða til þess að ákvörðun um aðild verður að byggja á skoðun allra kosta og þar með talið er möguleg aðild.

Taka verður undir það með höfundum ofangreindrar tillögu að mikil ósamstæða virðist ríkja um þetta mál, eins og því miður um mörg önnur. Ofangreind tillaga er ein af birtingarmyndum þeirrar ósamstöðu sem vísað er til, tíma þingmanna væri betur varið í þau brýnu mál sem leysa þarf svo gott skrið komist á efnahagslega uppbyggingu hér á landi, eru þar höfundar tillögunnar meðtaldir. Hringlandaháttur sem þessi í stjórn máli í dag er hvorki landi né þjóð til framdráttar.

*Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.*

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands